SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/721
komudagur 13.1.2009

Selfossi, 12. janúar 2009
0811001SA ÞH

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn SASS um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 - 2013, 192. mál.

Á fundi stjórnar SASS, sem haldinn var 9. janúar sl., var tekið fyrir bréf frá umhverfisnefnd Alþingis, þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 - 2013, 192. mál. Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

„Stjórnin gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins en bendir hins vegar á nauðsyn þess að formlegt samráð sé haft við sveitarstjórnir við gerð náttúruverndaráætlunar í ljósi þess að sveitarfélög fara með skipulagsvald bæði hvað varðar svæðis- og aðalskipulag. Þá liggur ekki fyrir hvort samþykkt tillögunnar kallar á endurskoðun skipulagsáætlana sveitarfélaganna með tilheyrandi kostnaði. Einnig er mikilvægt að stjórnvöld tryggi nauðsynlegt fjármagn til þeirrar náttúruverndar sem tillagan gerir ráð fyrir."

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS

Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri

Aðsetur - Address:	Símar - Telephone:	Myndsendir - Fax:	Netfang - E-mail:	Kennitala - Id.no.:
Austurvegur 56 800 Selfoss Iceland	480 8200	480 8201	sass@sudurland.is	480775-0159